

# Náttúrustofa Vestfjarða Ársskýrsla



2019



# Náttúrustofa Vestfjarða Ársskýrsla 2019

Maí 2020

Ritstjóri: Hulda Birna Albertsdóttir

Texti: Starfsfólk Náttúrustofu Vestfjarða

Myndir: Náttúrustofa Vestfjarða/Aðrir

Útgefandi: Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 21-19

Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja





# Efnisyfirlit

Skýrsla forstöðumanns.....	5
Inngangur.....	6
Hlutverk.....	6
Skipulag.....	7
Aðildarsveitarfélög.....	7
Stjórn.....	7
Starfsmenn.....	8
Verkefni 2019.....	9
Fuglarannsóknir.....	9
Botndýra- og efnarannsóknir.....	10
Gróðurrannsóknir.....	11
Ýmis verkefni.....	13
Fornleifarannsóknir.....	14
Flækingar.....	15
Miðlun og samstarf.....	16
Útgefið efni 2019.....	19



# Skýrsla forstöðumanns

Árið 2019 var tuttugasta og þriðja starfsár Náttúrustofu Vestfjarða. Eins og fyrri ár einkenndist starfsemin af fjölbreyttum og spennandi verkefnum. Helstu hlutverk stofunnar eru að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru- og náttúrufari Vestfjarða, stuðla að náttúrvernd, veita fræðslu um umhverfismál, vakta lífríki, veita ráðgjöf, stuðla að æskilegri landnýtingu, og veita fræðslu um Vestfirsku náttúru til almennings.

Í ár tók ég við sem forstöðumaður af Nancy Bechtloff en þá hafði Hulda Birna Albertsdóttir sinnt starfinu tímabundið. Það er mér heiður og ánægja að vera treyst fyrir þessu miklvæga starfi og er ég heppin að Náttúrustofan hefur á að skipa hæfileikaríkum sérfræðingum sem hafa verið kjölfestan í starfi hennar undanfarin ár.

Eins og undanfarin ár var sótt um fjölmarga styrki svo starfsemi stofunnar gæti haldið áfram að eflast og blómstra. Alls var sótt um 17 styrki á árinu og fengust 6 þeirra, en ennþá er von á úthlutun úr nokkrum sjóðum á árinu 2020 (sjá verkefni bls.9).

Rannsóknir fyrir Vegagerðina í tengslum vegaf framkvæmdir á Ströndum, við Dýrafjarðargöng og við Eyjafjörð var stór hluti af verkefnum stofunnar þetta árið líkt og undanfarin ár, ásamt verkefnum fyrir aðrar vegaf framkvæmdir, en þá sérstaklega á sviði fornleifaskráninga. Einnig voru unnin nokkur verkefni fyrir fiskeldisfyrirtæki, svo sem botnsýnatökur, gerð vöktunaráætlanna, súrefnismælingar og fleira.

Stofan fékk 6 rannsóknarstyrki á árinu en stærstu styrkirir voru frá Umhverfissjóði sjókvíaeldisins fyrir vöktun á sjávarlús á villtum laxfiski í Patreksfirði og endurheimt botndýrasamfélaga á kalkþörungasvæðum eftir námuvinnslu. Auk þessara verkefna unnu starfsmenn að ýmsum vöktunarverkefnum sem stofan hefur sinnt undanfarin ár, meðal annars vöktun á tímasetningu blómgunar ákveðinna plöntutegunda og vor- og vetrar fuglatalningar.

Við höldum ótrauð áfram við að stunda rannsóknir og vaktanir. Ég vil þakka starfsfólki stofunnar og samstarfsaðilum okkar fyrir árangursríka samvinnu á árinu.

Bolungarvík 28. maí 2020,

Sigurður Halldór Árnason, forstöðumaður

# Inngangur

Náttúrustofa Vestfjarða hóf starfsemi í ársbyrjun 1997 og er árið 2019 því tuttugasta og þriðja starfsárið. Stofan starfar núna á þremur starfsstöðvum á Vestfjörðum, í Bolungarvík, á Hólmavík og á Patreksfirði. Náttúrustofa Vestfjarða starfar eftir lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (nr. 60/1992) og er ein af átta náttúrustofum sem starfa víðsvegar um landið.

Verkefni Náttúrustofunnar varða fyrst og fremst öflun upplýsinga um náttúru Vestfjarða og gera þær aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Náttúrustofa Vestfjarða tekur að sér margvísleg verkefni á þessu sviði fyrir; sveitarfélög, stofnanir eða einkaaðila og er sífellt að auka við verksvið sitt.

## Hlutverk

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruvísni, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.



Mynd 1. Kate, Kristín Silvía, James og Jonathan í fornleifauppgrefti í Dýrafirði.



# Skipulag

## Aðildarsveitarfélög

Sex sveitarfélög á Vestfjörðum eiga formlega aðild að Náttúrustofu Vestfjarða: Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð.

## Stjórn

Stjórn Náttúrustofu er skipuð að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og/eða ársfundi. Sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa þrjá menn í stjórn og er einn þeirra formaður. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Stjórnin hélt 12 bókaða fundi á árinu 2019.

**Formaður:** Smári Haraldsson, líffræðingur (f.h Bolungarvík).

**Meðstjórnendur:** Sigríður Gísladóttir, dýralæknir (fh. Ísafjarðarbæjar), Guðrún Anna Finnbogadóttir (Vesturbyggð).

**Varamenn:** Þorgeir Pálsson (Strandabyggð) (varaformaður), Ólafur Þór Ólafsson (fh. Tálknafjarðarhrepps) og Bragi Þór Thoroddsen (fh. Súðavíkurhrepps).

Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða eru fjölbreytt en stofan sinnir grundvallarþjónustu í ráðgjöf um náttúrufræði og umhverfismál fyrir sveitarfélög og almenning. Hún vinnur einnig að grunnrannsóknnum í náttúruvísindum en líka að sérstökum verkefnum fyrir stofnanir og fyrirtæki gegn greiðslu. Nánar um verkefni Náttúrustofunnar má sjá í kaflanum „Verkefni 2019“.


Þar sem verkefni stofunnar eru af margvíslegum toga er nauðsynlegt að skipuleggja reksturinn formlega samkvæmt því, sérstaklega hvað varðar fjármögnun. Af þessum sökum starfar Náttúrustofan í fjórum deildum auk þess að sjá um rekstur Grasagarða Vestfjarða, Náttúrugripasafns Bolungarvíkur og Sjóminjasafnsins Ósvarar.

Náttúrustofa Vestfjarða er með verktakasamning við bókahaldsþjónustuna Búbil ehf. um bókhaldsvinnu og reikningsgerðir. Íslenskir Endurskoðendur sjá um endurskoðun fyrir stofuna.



Mynd 2. Cristian og Yann Kolbeinsson hjá Náttúrustofu Norðausturlands í fuglavöktun á Látrabjargi.

# Starfsmenn



**Sigurður Halldór Árnason**  
Líffræðingur (Mc)  
Forstöðumaður



**Hulda Birna Albertsdóttir**  
Umhverfisskipulagsfræðingur  
Deildarstjóri umhverfisdeildar  
Afleysingaforstöðumaður



**Cristian Gallo**  
Vistfræðingur (Mc)



**Jóhann Hannibalsson**  
Safnvörður/sérverkefni  
Hlutastarf



**Friðbjörg Matthíasdóttir**  
Viðskiptafræðingur  
Verkefnastjóri  
Afleysingaforstöðumaður



**María Hildur Maack**  
Umhverfis- og auðlindafræðingur



**Guðrún Steingrímsdóttir**  
Rannsóknarmaður



**Margrét Hallmundsdóttir**  
Fornleifafræðingur  
Deildarstjóri fornleifadeildar



**Hafðis Sturlaugsdóttir**  
Landnýtingarfræðingur (Mc)



**Margrét Thorsteinsson**  
Landfræðingur  
Fiskeldisfræðingur

## Sumarstarfsmenn Ósvör og Nabo

**Magnea Gná Jóhannsdóttir**  
Vaktstjóri/safnvörður/móttaka

**Vagn Margeir Smelt**  
Safnvörður/móttaka

**Karólína M. Stefánsdóttir**  
Safnamóttaka

**Elín Hanna Ríkharrðsdóttir**  
Móttaka

## Sumarstarfsmenn fornleifadeildar

**James McGoveren**  
Fornleifafræðingur

**Jonathan Peter Buttery**  
Fornleifafræðingur

**Kate Fitzpatrick**  
Fornleifafræðingur

**Kristín S. Ragnarsdóttir**  
Fornleifafræðingur



# Verkefni 2019

Verkefni ársins voru af ýmsum toga eins og fyrri ár og sést á verkefnum hér á eftir en starfsmenn voru einnig duglegir við að sækja um styrki. Stofan fékk styrki frá Ranníba fyrir tvö verkefni; *vöktun á sjávarlúsum á villtum laxfiskum í Patreksfirði og endurheimt botndýrasamfélaga á kalkþörungasvæðum eftir námuvinnslu*, en áður hafði sjóðurinn styrkt verkefnið *birdspot*. Verkefnastyrkur fékkst frá Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar fyrir verkefnið *Arnarfjörður á miðöldum*. Stofan fékk tvo styrki frá Uppbyggingasjóði Vestfjarða, annar var fyrir *birdspot* verkefnið en hitt var fyrir verkefni sem felst í söfnun fræs af íslenskum tegundum til ræktunar, en það verkefni fer í gang 2020. Verkefnastyrkir fengust einnig frá Umhverfissjóði sjókvíaeldis fyrir *vöktun á sjávarlúsum á Vestfjörðum 2020* sem unnið verður 2020. Eins og sést á þessari upptalningu var stofan styrkt um fjölmörg rannsóknarverkefni á árinu og verður fjallað nánar um þau verkefni sem unnin voru á árinu hér á eftir.

## Fuglarannsóknir

Náttúrustofan vinnur árlega að nokkrum verkefnum tengdum fuglum svo sem vetrarfuglatalningu, mófuglavöktun, vortalningu á leirum og bjargfuglavöktun. Mörg þessara verkefna eru í samstarfi við aðrar stofnanir t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og aðrar náttúrustofur. Ár árinu var undirritaður vöktunarsamningur við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið um fuglavaktanir á Vestfjörðum. Vaktaðir verða bjargfuglar, hvítmávar, mófuglar og kríur. Auk þess eru athuganir á fuglum oft gerðar í tengslum við framkvæmdir, til dæmis vegna vega-, virkjunar- eða í tengslum við fiskeldi.

## Vetrarfuglatalningar

Vetrarfuglatalningar er langtímaverkefni sem hófst árið 1952 og er ein lengsta samfellda vöktun sem stunduð hefur verið hér á landi og sú sem tekur til flestra fuglategunda. Markmið talninganna er að safna upplýsingum um fjölda og dreifingu fugla að vetralagi. Talningar eru staðlaðar og nýtast til vöktunar einstakra stofna. Náttúrustofa Vestfjarða tekur þátt í þessari vöktun og á svæðum sem talin voru á Vestfjörðum þetta árið sáust um 12.000 fuglar af 32 tegundum. Flestir fuglanna voru í Steingrímsfirði, Skutulsfirði og Dýrafirði eða um 2000 fuglar í hverjum firði. Af þeim tegundum sem sáust var æðarfugl algengasti fuglinn en af honum voru um 8.000 fuglar. Næst algengasti fuglinn var hávella og stökkönd með tæplega 1.000 fugla hvor. 21 stari og 2 æðakóngar sáust en eru tiltölulega sjaldgæfir á svæðinu og einnig sást sjaldgæf austræn tegund blesgæsar (*Anser albifrons albifrons*) í Bolungarvík.

## Bjarg-/sjófuglar

Náttúrustofa Vestfjarða var í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) í rannsóknum á svartfuglum á Látrabjargi og Hælavíkurbjargi líkt og síðustu ár og í ár var vitjað myndavéla sem settar voru upp árið 2017. Áfram verða björgin vöktuð með því að taka mynd á klukkutíma fresti allt árið um kring. Cristian fór á Látrabjarg í lok júní ásamt Yann Kolbeinsson frá Náttúrustofu Austurlands og töldu þeir fugla og skiptu um kort í myndavélinni.

Cristian fór svo ásamt Ester Unnsteinsdóttir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á Langakamb á Hælavíkurbjargi og töldu í bjarginu og skiptu um kort í myndavélinni.



Mynd 3. Cristian Gallo á Langakambi.

## Botndýra- og efnarannsóknir

Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa unnið að botndýrarannsóknum frá árinu 2001 og hefur mikil reynsla byggst upp innan fyrirtækisins á því sviði, ásamt því að stofan á orðið töluvert safn botndýra. Botndýrarannsóknir hafa einkum verið unnar fyrir fiskeldisfyrirtæki en einnig fyrir önnur fyrirtæki, stofnanir og vegagerð.

## Endurheimt botndýrasamfélaga á kalkþörugnasvæðum eftir námuvinnslu

Kalkþörungasvæði eru talin mikilvæg í OSPAR samningnum vegna líffræðilegs fjölbreytileika þeirra. Við nám kalkþörunga eru efstu lög sjávarbotnsins farlægð og með því dýrin sem þar búa. Dýpri lög botnsins verða nýtt yfirborð sem til að byrja með er líflaust. Endurheimt lífríkisins byrjar smám saman aftur þegar lífverur frá öðrum svæðum utan námusvæðisins nema þar land að nýju. Endurheimt botndýrasamfélaga er einn þeirra megin þátta sem litið er til þegar metið er hvort námuvinnslan teljist sjálfbær. Lítið hefur verið rannsakað erlendis hvernig og hve langan tíma það tekur botndýrasamfélögin að jafna sig eftir námuvinnsluna og engar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi. Verkefnið fékk styrk frá Ranníba árið 2019 en var frestað til 2020 og er fyrirhugað að skýrsla komi út þá.

## Rannsóknir í tengslum við fiskeldi

Náttúrustofan hefur síðustu ár gert vöktunaráætlanir fyrir fiskeldisfyrirtæki og tekið að sér umhverfsvaktanir og var það einnig gert þetta árið fyrir tvö svæði í Dýrafirði og eitt í Ísafjarðardjúpi. Umhverfsvaktanirnar hafa m.a. falið í sér botnsýnatökur, botndýragreiningar, mælingu á afoxunarmætti (redox) í seti, súrefnis- hita og seltumælingar í sjó, og laxa- og fiskilúsatalningar.

## Sjávarlús á villtum laxfiskum í Patreksfirði

Náttúrustofa Vestfjarða gerði rannsókn á sjávarlúsum á villtum laxfiskum í Patreksfirði árið 2019 sem styrkt var af Rannsókn- og Nýsköpunarsjóði Vestur-Barðarstrandarsýslu. Markmið rannsóknarinnar var að greina og telja laxa- og fiskilús á villtum laxfiskum en sjávarlús eins og laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*) hafa verið vandamál í sjókvíaldli laxfiska og geta jafnframt valdið auknu smítalagi á villta laxfiska. Ein af ástæðum fyrir að Patreksfjörður var fyrir valinu til rannsóknar var til að skoða hvort einhver breyting hafi orðið frá árinu 2017 en þá var lúsaálag á villta laxfiska mest í Patreksfirði í samanburði við aðra firði á Vestfjörðum. Helstu niðurstöður árið 2019 voru að laxalús var ríkjandi sjávarlúsategund á villtum laxfiskum í Patreksfirði eins og í fyrri rannsóknum árin 2017 (Margrét Thorsteinsson 2018) og 2015 (Eva Dögg Jóhannesdóttir og Jón Örn Pálsson 2016).

Laxalús er krabbadýr og fer eins og önnur krabbadýr í gegnum nokkur lífsferilsstig og hamskipti. Árið 2015 voru niðurstöður aðeins sýndar fyrir hreyfanlegt stig laxalúsarinnar og samanburður takmarkast við það. Tíðni laxalúsasmits hefur aukist með árunum bæði á sjóbirtingum og sjóbleikjum. Þéttni hreyfanlegra laxalúsa á hverjum sjóbirtingi var hins vegar í meðallagi árið 2019 en var há árið 2017 og lág árið 2015. Nánari upplýsingar um rannsóknina er að finna í skýrslunni "Vöktun á sjávarlúsum á villtum laxfiskum í Patreksfirði 2019."



Mynd 4. Laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*).

### Heimildir:

Eva Dögg Jóhannesdóttir og Jón Örn Pálsson 2016. *Assessment of Salmon Lice infestation on Wild Salmonids in four fjords in Westfjords*. Rorum 2016 03.

Margrét Thorsteinsson 2018. *Vöktun á sjávarlúsum á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2017. Monitoring sea lice on wild salmonids in Westfjords 2017*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 32-18.





Mynd 5. Cristian Gallo að skoða hrossapara (*Laminaria digitata*) á sniði í Ísafjarðardjúpi.


## Grunnvöktun fjöru Ísafjarðardjúps

Verkefnið fékk styrk úr Umhverfissjóði sjókvíældisins árið 2018 og var markmið þess að gera grunnrannsóknir á lífríki fjöru í Ísafjarðardjúpi svo hægt væri að greina mögulegar breytingar á lífríkinu í framtíðinni þegar sjókvíældi er hafið. Auk þess að koma með ályktanir um hvaða dýr eða þörungar gætu orðið fyrir áhrifum og þá hvort það sé hægt að nota þau dýr/þang sem vísitæki fyrir mengun í fjöru frá fiskeldi. Á árinu var unnið úr dýrasýnum og bætt við rannsóknum á horssapara (*Laminaria digitata*) á sömu sniðum. Skýrsla kemur út ár árinu 2020 um verkefnið.

## Gróðurannsóknir

### Sóley, vöktun blómgunar

Vorið 2010 hóf Náttúrustofan þátttöku í rannsóknarverkefninu Sóley, sem er langtíma vöktunarverkefni á tímasetningu blómgunar ákveðinna plöntutegunda. Markmið verkefnisins er að greina og skilja áhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróður á Íslandi og eru þátttakendur víðast hvar um landið. Með verkefninu mun því myndast mikilvægur gagnagrunnur um lífríki Íslands, sem hægt verður að nota til að bera saman við hliðstæðar erlendar rannsóknir. Hlutverk Náttúrustofunnar í verkefninu er að sjá um vöktun á blómgun ákveðinna blómplantna á Vestfjörðum. Fylgst var með lambgrasi, ilmreyr, holtasóley og hrafnaklukku í Bolungarvík en klóelftingu, vetrarblómi, lambgrasi, ilmreyr og holtasóley á Hólmavík. Vöktunin stóð frá 9. maí - 14. júní. Aðstandendur verkefnisins eru Landgræðslan og Háskóli Íslands.



Mynd 6. Holtasóley (*Dryas octopetala*).



Mynd 7. Tvær fjallabláklukkur komnar úr blóma í 300 m hæð við Ísafjarðardjúp.

### Vöktun válistaplantna

Vöktun válistaplantna er verkefni sem Náttúrufræðistofnun sér um og fór Hafdís Sturlaugsdóttir með Pawel Wasowicz, grasfræðingi hjá NÍ um Vestfirði síðastliðið sumar. Leitað var meðal annars að fjallabláklukku (*Campanula uniflora*) og var farið á tvo staði þar sem hún hafði verið skráð og gerðar mælingar á þéttleika og fleira. Einnig var farið og skoðaðar hitakærar plöntur á þremur stöðum til dæmis naðurtungu (*Ophioglossum azoricum*).

## Gróðurrannsóknir tengdar framkvæmdum

Á árinu vann náttúrustofan gróðurskýrslur fyrir einkafyrirtæki í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir, til dæmis í tengslum við vind- og vatnsaflsvirkjanaáform. Auk þess kom stofan að söfnun fræs af staðargróðri vegna fyrirhugaðra framkvæmda ofanflóðavarna en það er mikilvægur liður í að lágmarka áhrif framkvæmda á gróður og landslag.

## Spornun við útbreiðslu skógarkerfils í Bolungarvík



Mynd 8. Bæjarstjórn á hreinsunardegi í baksýn og svínin að aðstoða við hreinsun.

Náttúrustofan hefur síðustu ár verið í samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað um spornun við útbreiðslu skógarkerfils í landi Bolungarvíkur. Náttúrustofan gerði áætlun um spornun á útbreiðslu ágengra tegunda fyrir Bolungarvíkurkaupstað árið 2018 en verkefnið er hluti af átaki sveitarfélagsins á fegrun bæjarins. Þetta ár var prófað að beita tveimur grísum á svæði innan sveitarfélagsins til að kanna hvort svín gætu aðstoðað við útbreiðsluheftinguna. Svínin vöktu mikla lukku íbúa og gesta og mikla athygli fjölmiðla. Svíni voru dugleg við að borða blöð kerfilsins en skildu helst stærstu stilkanna eftir. Hreinsun svæða í Bolungarvík var framfar björtustu vonum og tókst sjálfbóðaliðum að hreinsa

## Ýmis verkefni

### Vöktun fiðrilda

Fiðrildavöktun var með hefðbundum hætti þetta árið og hefur stofan vaktað fiðrildi síðan vorið 2010 og er verkefnið hluti af langtíma vöktun náttfiðrilda í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar Náttúrustofur víðsvegar um landið. Fiðrildi eru fönguð í ljósgildrum en gildrum á vegum Náttúrustofunnar eru í Syðridal í nágrenni Bolungarvíkur, við Þverárvirkjun og Stakkamýri í nágrenni Hólmavíkur. Gildran í Syðridal er í lyngmóa og graslendi, við Þverárvirkjun er lyngmói en gildran í Stakkamýri er í graslendi. Gildrunar eru settar út 16. apríl og er vitjað um þær vikulega og þær tæmdar. Þær eru teknar inn í byrjun nóvember.



Mynd 9. Fiðrildagilda.

### Sjónræn áhrif vegagerðar á landslag

Náttúrustofan hefur unnið síðan 2015 að verkefni fyrir Vegagerðina á mati á áhrifum vegagerðar á landslag og greiningu á sjónrænum áhrifum vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda um Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði og Bildudalsveg (63). Markmið verkefnisins var að varpa ljósi á landslagseinkenni á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, meta verndargildi þess og hve mikil áhrif framkvæmdin geti haft á landslag og sjónræna þætti. Verkefnið dróst og fór í dvala um tíma vegna breytinga á veglínunum og ýmissa aðra þátta en skýrsla um verkefnið kom út árið 2019.

### Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Náttúrustofan tók að sér að taka saman gögn vegna gerðar strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði en strandsvæðaskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóðum þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Þannig getur það m.a. falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðaþjónustu, verndun eða samgönguleiðir (<https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Lysing-fyrir-gerd-strandsvaedisskipulags-a-Vestfjordum.pdf>). Vinnan á þessu ári var að mestu undirbúningsvinna en mesta vinnan við verkefnið fer fram árið 2020.



## Rekjanleiki lambakjöts

Náttúrustofa Vestfjarða, í samstarfi við Snerpu, Beint frá býli og Landssamtök Sauðfjárbænda fengu styrk árið 2015 fyrir þróun á rekjanleikamerkingum fyrir lambakjöt þar sem neytendum er gefið val að kanna uppruna lambakjöts í versluninum og möguleika á því að velja hvernig kjötið er „kryddað á fæti“. Merktar voru kjötvörur frá tveimur býlum og unnið í markaðssetningu. Vefsíðan <http://www.rekjanleiki.is> fór í loftið 2016 en þar er hægt að fá allar upplýsingar um verkefnið. Árið 2017 fékkst þriggja ára framhaldsstyrkur í verkefnið og var haldið á að vinna í því og leitast eftir fleiri býlum til að taka þátt ásamt því að unnið var í almennri markaðssetningu og þróun. Verkefnið hefur verið í hægri framþróun en í ár var klárað að gróðurkortleggja nokkur beitiöld. Við bindum miklar vonir við upprunamerkingarnar og hafa þær fengið jákvæð viðbrögð í samfélaginu, m.a hjá bændum á svæðinu.

## Umhverfsvottun Vestfjarða

Vestfirðir hafa einsett sér að skara framúr í umhverfismálum og hafa ákveðið að vera stóriðjulaus landshluti. Hluti af því ferli var að fá umhverfsvottun á rekstur allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Því markmiði var náð 2016 þegar að Vestfirðir fengu silfurvottun EarthCheck (Vestfjarðastofa).

Náttúrustofan tók við verkefninu umhverfsvottun Vestfjarða á árinu og er verkefnastjóri þess María Maack sem einnig byrjaði hjá stofunni á árinu. Vestfirsku sveitarfélögin fengu vottaða vinnu sína í umhverfismálum frá Earth Check árið 2019. María sér um gagnaöflun, fræðslu, eftirlit og samskipti í verkefninu. Kröfur vegna umhverfsvottunar fara vaxandi og er þess vænst að unnið verði meira í kolefnisjöfnun á næstunni. Við úttekt kom í ljós að verulegur árangur hefur náðst í flokkun sorps. Núna verður vinna sett í að meta áhættuna sem gæti fylgt loftslagsbreytingum og hvernig megi fyrirbyggja skemmdir t.d. á mannvirkjum af þeim völdum.

**REKTU MIG TIL BEITARLANDS**  
*Skönnun - Framleiðsla - Upprunarstaður - Beitarhagi*



**Skannaðu Qr kóðann og þú kemst að uppruninum.**

Ef þú hefur ekki Qr skanna, notaðu þetta númer: 13T4

<http://www.rekjanleiki.is>



Mynd 10. Merkið á vöru Rekjanleika lambakjöts.



Mynd 11. Plastbaggar.



Mynd 12. Birdspot merkið.

á þeim á fjórum mismunandi tungumálum. Það er von okkar hjá Náttúrustofu Vestfjarða að birdspot.is muni gera fuglaskoðun einfaldari og aðgengilegri fyrir þá ferðamenn sem hafa áhuga á að kynna sér fuglalífið nánar, en ferðast ekki með fuglahandbók eða sjónauka.

## Birdspot

Birdspot eða „fuglapunktur“ er nýtt vefforrit búið til af Náttúrustofu Vestfjarða, í samvinnu við Birgi Erlendsson vefforritara, með styrk frá Ranniba. Vefforritinu var formlega hleypt af stökkunum 5. ágúst og er aðgengilegt öllum tækjum sem eru nettengd.

Til að byrja með verður fuglastaður merktur með áberandi límmiða á fimm stöðum í nágrenni Látrabjargs. Með því að slá inn [birdspot.is](http://birdspot.is) í símann og deila staðsetningunni þinni muntu geta kynnt þér fuglalífið á þinni staðsetningu. Hægt er að fá helstu upplýsingar um tegundir fugla og nánari lýsingu

## Fornleifarannsóknir

Verkefnastaða fornleifadeildar var góð árið 2019 eins og undarfarin ár. Veturinn fór í úrvinnslu á skýrslum og rannsóknum og kom vorið snemma með tilheyrandi verkefnum. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir kom til starfa við deildina í byrjun maí og hefur hún unnið hjá stofunni á sumrin síðustu ár.

Fyrsta leyfisskylda verkefnið var fyrir Norðurorku og fólst í framkvæmdaefirliti við Eyjafjörð og eftir það verkefni var haldið í Norðurfjörð á Ströndum þar sem gerð var könnun vegna veg framkvæmda.



Mynd 13. Uppgröftur í Dýrafirði vegna framkvæmda og veglagninga við Dýrafjarðargöng.

Uppgröftur var gerður í Dýrafirði vegna framkvæmda og veglagninga við Dýrafjarðargöng. Rannsóknin var gerð á miðaldafjösi sem hafði fundist í könnunarskurði tveim árum áður. Dr. Guðný Zoega fornleifafræðingur gekk til liðs við fornleifadeildina við þetta verkefni. Uppgröfturinn stóð í tvær vikur og var húsið grafið upp. Þá kom í ljós að húsið var fast við annað hús og fór Minjastofnun fram á að svæðið yrði stækkað. Var ákveðið að sú rannsókn færi fram síðar um sumarið og var henni haldið áfram þá. Þá bættist við liðsauki, fornleifafræðingar frá Bretlandi sem starfað hafa með deildinni undanfarin ár við rannsóknir í Arnarfirði. Þetta voru James McGovern, Kate Fitzpatrick og Jonathan Buttery. Þau grófu húsið sem var samfast því sem grafið var upp um vorið. Þegar rannsókninni lauk í lok ágúst höfðu verið grafin fram tvö hús sem eru líklega frá miðöldum. Annarsvegar fjós og hinsvegar mögulega samföst hlaða. Báðar byggingarnar voru dæmigerð miðaldahús en voru sérstök að því leiti að þau höfðu sitt hvort byggingalagið en hafa samt verið notuð samtímis á einhverjum tímamarki. Annað húsið hefur svo líklega verið endurbýgt síðar. Nokkrar skriður höfðu fallið úr hliðinni fyrir ofan á húsin. Mögulega er þetta ásæðan fyrir því að byggð hefur lagst af eða verið færð til á Kjaranstöðum.

Gerð var fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Eskifirði og Norðfirði á vegum Milu og síðan haldið á Þingvelli en þar fór fram borkjarnarannsókn á völdum stöðum innan þjóðgarðsins. Rannsóknin var liður í rannsóknum sem staðið hafa í 10 ár og felast í skráningu menningarminja innan þjóðgarðs. Niðurstöður rannsóknarinnar voru spennandi þar sem staðfest var að í Miðmundartúni við Þingvallabæ er um 30 m löng bygging.

Skráðar voru fornleifar á Ströndum vegna þriðja áfanga ljósleiðaravæðingu og í beinu framhaldi af þeirri vinnu var farið í Ófeigsfjörð þar sem minjar voru merktar vegna breytinga á veglínunni frá Ingólfsfirði í Ófeigsfjörð.

Síðsumars var haldið í Arnarfjörð þar sem rannsóknin "Arnarfjörður á miðöldum" var framhaldið, níunda árið í röð. Rannsóknin var stutt í þetta sumar því ekki fékkst styrkur frá Fornminjasjóði. Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar styrkti hinsvegar rannsóknina að vanda og var því hægt að vera við rannsóknir í 2 vikur. Grafin voru viðkvæm gólfög í skálanum á Auðkúlu og gerð borkjarnarannsókn á Hrafnseyri og Litla Tjaldanesi. Miðaldabýli var staðfest á Litla Tjaldanesi og spennandi minjastaður fannst í túninu á Hrafnseyri.

Í byrjun september tók deildarstjóri þátt í merkilegum viðburði á Eiríksstöðum í Dölum. Þar fór fram járngerð sem byggð var á niðurstöðum fornleifarannsókna í Arnarfirði. Einnig var þess freistað að gera járn úr rauða sem fenginn var frá Auðkúlu. Niðurstöður þessarar tilraunar var mjög áhugaverð og staðfest að kenningar fornleifafræðinga um að ofnar hafi verið gerðir úr torfi voru á rökum reistar. Ofnarnir virkuðu og gæða járn var unnið úr mýrarrauða í ofnum úr torfi.

Á haustmánuðum var svo gerð fornleifakönnun fyrir Hveragerðisbæ og var árið 2019 því fullt af spennandi verkefnum um land allt.



Mynd 14. Járngerð á Eiríksstöðum í Dölum.



# Flækingar

Ár hvert fær stofan bæði tilkynningar í gegnum símtöl, tölvupóst og samskiptamiðla um sjaldgæfa flækinga sem sjást á svæðinu. Hér eru nokkur dæmi um það frá árinu.

## Eyrugla í Dýrafirði

Eyrugla (*Asio otus*) sást í Dýrafirði í janúar en það var Guðjón Torfi frá Mýrum í Dýrafirði sem tilkynnti stofunni fuglinn. Eyrugla er útbreiddur varpflug í Evrópu, Asíu og N-Ameríku og er þekktur flækingsfugl hér á landi.



Mynd 15. Blesgæs (*Anser albifrons albifrons*) í Bolungarvík.

## Gráspör á Ísafirði

Karlkyns gráspör (*Passer domesticus*) sást á Ísafirði en í fyrrasumar var einnig gráspör á vappi þar, en ekki er víst um að sama fugl sé að ræða þar sem hann sást ekki í vetur. Þessi tegund er alfríðuð og hefur fækkað talsvert víða um Evrópu. Gráspör eru mjög sjaldgæfir flækingar á Íslandi en tegundin sást hér fyrst árið 1959. Gráspörinn hefur verpt við mannabústaði í holum og glufum á byggingum. Gráspörinn er fyrst og fremst frææta en borðar einnig skordýr (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2018).



Mynd 17. Rákönd við Syðridalsvatn. Mynd: Sigurður Linberg Runólfssdóttir.

## Blesgæs í Bolungarvík og á Ísafirði

Sjaldæf austræn undirtegund blésgæsar (*Anser albifrons albifrons*) sást í Bolungarvík í byrjun árs og á Tunguárósnunum á Ísafirði í mars en mjög líklegt er að um sama fugl sé að ræða. Tegundin verpir í norður Rússlandi, í Síberíu og heldur sig um vetrartímamann í Evrópu austur til suðurhluta Asíu, suður og norður Indlandi og suður Kína og Japan.



Mynd 16. Gráspör að rífast um yfirráðasvæði.

## Rákönd sást í Bolungarvík

Rákönd (*Anas carolinensis* eða *Anas crecca carolinensis*) sást í byrjun maí á Syðridalsvatni. Rákönd er algengur fugl í Norður - Ameríku en flækingur hér um slóðir. Rákönd og urtönd eru mjög líkar en munurinn er að rákönd er með lóðrétta hvíta línu við bringuna.

Sigríður Linberg Runólfssdóttir náði mynd af fuglinum og þökkum við henni fyrir afnotin.



# Miðlun og samstarf

## Fyrirlestrar og fræðsluerindi

Starfsmenn Náttúrustofunnar halda hina ýmsu fyrirlestra og fræðsluerindi í vinnu sinni. Margrét Hallmundsdóttir hélt erindi í janúar á Þjóðminjasafni Íslands um skálann á Parti í landi Auðkúlu og í apríl hélt hún fyrirlestur fyrir nemendur í norskum lýðháskóla um Víkingaöld og störf fornleifafraeðinga. Einnig hélt hún fyrirlestur fyrir þingmenn í Þingvallanefnd um fornleifarannsóknir á Þingvöllum í apríl.

Í mars kynnti Margrét Thorsteinsson verkefnið „*Vöktun á sjávarlús á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2017*“ með veggspjaldi á Strandbúnaðarþingi 2019 og hélt svo fyrirlestur um sama verkefni á ársfundi SNS á Sauðarkróki í maí.


Hafdís Sturlaugsdóttir var með kynningu á starfsemi Náttúrustofunnar á Náttúrubarnahátíðinni í Sævangi 20. júlí 2019. Þar var hún með víðsjá og sýndi flugu og bjöllur sem krakkar og fullorðnir gátu skoðað í návígi.

Margrét Hallmundsdóttir var með fyrirlestur um járngerð á Auðkúlu í Arnarfirði í ágúst á járngerðarhátíð í Dölunum. Margrét hélt fyrirlestur um vefstaði og víkingaöld ásamt Hildi Hákonadóttir í Skálanum á Þingeyri í ágúst og tók þátt í námskeiði í gerð rauðablástursofna og járngerð byggt á niðurstöðum forleifarannsóknna í lok ágúst - byrjun september.

Margrét Hallmundsdóttir hélt erindi á málþingi á Þingvöllum í byrjun október um fornleifarannsóknir þar og í lok árs hélt hún erindi á málþingi í tilefni afmælis Kristjáns Eldjárns sem nefndist „*Hin húsin*“ og fjallaði um fornleifarannsóknir á fjósi og hlöðu vegna framkvæmda við Dýrarfjarðargöng.

## Vísindagreinar

Í september kom út grein í tímaritinu Polar Biology. Greinin er um breytileika í fæðu og umhverfisnýtingu sjóbleikju og sjóbirtings á Vestfjörðum og er byggð á gögnum úr meistaraverkefni Oliviu Simmons og á verkefni Margrétar Thorsteinssonar „*Vöktun á sjávarlús á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2017*“. Verkefnið var samstarf með Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttur hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands og Oliviu Simmons meistaránema hjá Háskólasetri Vestfjarða og greinin heitir „*Trophic dynamics of anadromous brown trout and Arctic charr in NW Iceland and their correlation to salmon lice infection*“.



Mynd 18. Margrét Thorsteinsson með veggspjald á Strandabúnaður 2019.



## Svartfugl - tölvupóstlisti

Náttúrustofan heldur úti tölvupóstlista sem kallast „Svartfugl“ sem hefur það að markmiði að safna upplýsingum um komu farfugla og annarra fugla á Vestfjörðum. Meðlimir á listanum er um 60 og skiptast þeir á upplýsingum um komu farfugla og annarra flækinga á Vestfjörðum. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvægar fyrir stofnuna og hjálpa okkur að safna upplýsingum um komu fugla. Meðal þeirra fugla sem fóru á listann í fyrra voru: gráspör á Ísafirði, amerísk urtönd í Bolungarvík, eyrugla á Mýrum og brandönd í Skutulsfirði.



Mynd 19. Svinin vinsælu í góðu yfirlæti í Bolungarvík.

## Umfjöllun í fjölmiðlum

Náttúrustofan kom nokkuð fram í fjölmiðlum á árinu en það var helst í tengslum við umhverfisátak Bolungarvíkurkaupstaðar og samstarfsverkefni nave við sveitarfélagið um að sporna við útbreiðslu kerfils í sveitarfélaginu, meðal annars með tilraun til að beita svinum á plöntuna.

Grein kom út í Morgunblaðinu í ágúst sem nefnist „Forn tískuvara finnst í Arnarfirði“ og í október kom aftur grein í morgunblaðinu sem nefnist „Áður óþekktar minjar bætast við“.

## Skólaheimsóknir

Náttúrustofan tekur á móti mörgum skóláhópum á hverju ári í samvinnu við Náttúrugripasafn Bolungarvíkur og Sjóminjasafnið Ósvör. Bæði er um að ræða skoðunarferðir þar sem safnið er skoðað undir leiðsögn starfsmanna stofunnar, en einnig vinnuferðir þar sem nemendur hlýða á fyrirlestra og leysa ákveðin verkefni sem unnin eru í samvinnu stofunnar og kennara.



Mynd 20. Heimsókn frá leikskólanum Glæðheimum í vor.



Mynd 21. Heimsókn frá leikskólanum Eyrarskóli í vor.



## Samstarf

### Rannsóknir á tjaldi

Náttúrustofan sá um að merkja tjaldsunga og aðstoðaði við gagnaöflun fyrir meistararannsókn Jamie Caroll í Háskólasetri Vestfjarða í vor. Merktir voru um 50 ungar og var mest af hreiðrum í Skutulsfirði. Markmið verkefnisins var að fá betri skilning á fæðuöflun og á því hvernig tjaldur nýtir mismunandi búsvæði.



Mynd 22. Merktur tjaldsungi (*Heamatopus ostralegus*).



Mynd 23. Fýll (*Fulmarus glacialis*).

### Plastagnir í fýl

Náttúrustofan hefur tekið að sér að safna hræjum af fýl (*Fulmarus glacialis*) fyrir Náttúrustofu Norðausturlands og hefur safnað í tvö vor, en verkefnið er hluti af staðlaðri vöktun á plastmengun á OSPAR svæðinu. OSPAR notar plast í fýlum sem vistfræðilegan meitil á plastmengun hafsins en fýll er talinn mjög ákjósanleg tegund til þess þar sem þeir afla sér fæðu eingöngu á sjó og sjaldan nærri landi.

## Samtök Náttúrustofa

Náttúrustofurnar hafa starfað náið saman frá byrjun, en árið 2002 var ákveðið að efla samstarfið enn frekar og þá voru stofnuð Samtök náttúrustofa (SNS). Samtök náttúrustofa (SNS) eru samtök allra náttúrustofa sem starfa á landinu, alls átta stofur. Fyrsta náttúrustofan; Náttúrustofa Austurlands hóf starfsemi 1995, en síðan komu ein af annarri, Náttúrustofa Suðurlands (1996), Náttúrustofa Vestfjarða (1997), Náttúrustofa Vesturlands (1999), Náttúrustofa Norðurlands vestra (2000), Náttúrustofa Reykjaness (2000) og Náttúrustofa Norðausturlands (2003). Áttunda stofan, Náttúrustofa Suðausturlands tók til starfa árið 2013. Þó að náttúrustofurnar starfi allar eftir sömu lögum og séu því líkar í grunninn hafa allar þróast eftir aðstæðum á hverjum stað og eru því með mismunandi áherslur. Ársfundur SNS er haldinn ár hvert en annað hvort ár er haldinn stærri fundur þar sem flutt eru erindi af starfsmönnum náttúrustofanna og Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt ávarpi frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu. Þetta ár var haldið ársþing á Sauðarkróki en Náttúrustofa Norðurlands Vestra sá um þingið að þessu sinni. Margrét Thorsteinsson hélt erindi á vegum stofunnar um *vöktun á sjávarlús á villtum laxfiskum á Vestfjörðum árið 2017*. Starfsemi samtakanna er hægt að kynna sér á heimasíðu þeirra, <http://www.sns.is>.



Mynd 24. Starsfólk náttúrustofa á ársfundum SNS síðastliðið vor.



# Útgefið efni 2019

## Útgefnar skýrslur

Margrét Thorsteinsson og Cristian Gallo. *Vöktunaráætlun 2018-2025 fyrir seiðaeldi Háafells ehf á Nauteyri*. NV nr. 01-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Standabyggð 2018*. NV nr. 02-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir. *Fornleifakönnun á 1,5 km vegkafla á Krísuvíkurvegi við Vatnsskarð*. NV nr. 04-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir. *Fornleifakönnun vegna breytinga á vegi 30-08 í Bláskógabyggð*. NV nr. 05-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir. *Mat á áhrifum framkvæmda á fortleifar Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)*. Með viðbótum vegna breytinga á veglinum. NV nr. 06-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Thorsteinsson. *Súrefnisskýrsla Arnarfjörður 2018*. NV nr. 07-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Hulda Birna Albertsdóttir. *Mat á áhrifum framkvæmda á landslag Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63)*. NV nr. 08-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Cristian Gallo. *Environmental impact assessment at peak biomass for Gemlufall salmon farm site 2018*. NV nr. 09-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Hafdís Sturlaugsdóttir. *Gróður við Hveradali á Hellisheiði*. NV nr. 10-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir. *Framkvæmdaefirlit við eyðibýlið Miðbakka vegna framkvæmda við Hjalteyrarlögn*. NV nr. 11-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2018. Náttúrustofa Vestfjarða*. NV nr. 12-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Cristian Gallo. *Base line monitoring for salmon farming site in Eyrahlíð, Dyrafjörður*. NV nr. 13-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét H Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. *Innmæling á fortleifum vegna breytinga og vegabóta á veginum frá Norðurfirði að Seljanesi Viðbætur við skýrslu NV nr. 33-17*. NV nr. 14-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð*. NV nr. 15-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara í Strandabyggð III*. NV nr. 16-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Friðarstaðareit í Hveragerði*. NV nr. 17-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits á milli Klettahlíðar og Hverahlíðar í Hveragerði*. NV nr. 18-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Thorsteinsson. *Vöktun á sjávarlúsum á villtum laxfiskum í Patreksfirði 2019*. NV nr. 19-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Arnarfjörður á miðöldum framvinduskýrsla 2019*. NV nr. 20-19. Náttúrustofa Vestfjarða.

## Vísindagreinar

Simmons, O., Thorsteinsson M. & Ólafsdóttir, G.Á. *Trophic dynamics of anadromous brown trout and Arctic charr in NW Iceland and their correlation to salmon lice infection*. 2019. *Polar Biology* 42(11): 2119-2130.





NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA



Náttúrustofa Vestfjarða  
kt: 610397-2209  
Netfang:nave@nave.is  
Heimasíða: <http://www.nave.is>  
Hönnun og umbrot: Nave/Hulda Birna Albertsdóttir

#### Aðsetur Náttúrustofu Vestfjarða:

Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík  
456-7005

Höfðagötu 3  
510 Hólmavík  
451-3105

Aðalstræti 53  
450 Patreksfirði  
692-0462

Fjölheimar  
Tryggvagata 13  
800 Selfoss  
895-1228

